

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 2002

22. febrúar 2002

13

Nr. 10

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 22. febrúar 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

2. mars 2002

Nr. 11

AUGLÝSING

**um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði
nr. 72 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra.**

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra, að Tómas Ingi Olrich fer með ráðherrastörf þau sem Birni Bjarnasyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer hann með menntamálaráðuneytið.

Forsætisráðuneytinu, 2. mars 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.